



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um greiðslur úr miðbæjarsjóði Reykjavíkurborgar til Miðborgarinnar okkar

Á fundi borgarráðs 17. október lögðu áheyrnarfulltrúar Miðflokksins og Flokk fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um greiðslur úr miðbæjarsjóði Reykjavíkurborgar til Miðborgarinnar okkar;

"Hvað hefur Miðborgin okkar fengið greitt undanfarin ár úr miðbæjarsjóðnum? Svar óskast sundurliðað eftir árum frá árinu 2008. 1. Hefur Bilastæðasjóður greitt til samtakanna og ef svo er er óskað eftir upplýsingum um hversu háar upphæðir það eru frá 2008. 2. Hver er áætlaður kostnaður við að breyta Laugavegi í varanlega göngugötu? 3. Hver er áætlaður kostnaður við að breyta Skólavörðustíg í varanlega göngugötu? 4. Hver er áætlaður framkvæmdatími við að breyta götunum í varanlegar göngugötur? 5. Hvenær er áætlað að byrja framkvæmdirnar og hvenær eru verklok áætluð?"

Svar:

Hvað hefur Miðborgin okkar fengið greitt undanfarin ár úr miðbæjarsjóðnum? Svar óskast sundurliðað eftir árum frá árinu 2008.

Miðborgarsjóður var stofnaður árið 2016. Síðan þá hafa greiðslur til Miðborgarinnar okkar verið eftirfarandi:

Ár	Fjárhæð
2017	18.180.000,00-
2018	21.000.000,00-
2019	11.500.000,00-

1. Hefur Bilastæðasjóður greitt til samtakanna og ef svo er er óskað eftir upplýsingum um hversu háar upphæðir það eru frá 2008.

Bilastæðasjóður hefur greitt eftirfarandi til samtakanna;

Ár	Fjárhæð (kr)
2008	10.092.041
2009	7.345.570
2009	2.446.930
2010	12.700.548
2011	12.000.000
2012	16.400.000
2013	17.500.000
2014	18.794.343
2015	17.150.000
2016	17.650.000
2017	0
2018	0
2019	0
Samtals:	132.079.432

2-3. Hver er áætlaður kostnaður við að breyta Laugavegi í varanlega göngugötu og hver er áætlaður kostnaður við að breyta Skólavörðustíg í varanlega göngugötu?

Borgarstjórn samþykkti 4. september 2018 að fela umhverfis- og skipulagssviði að útfæra Laugaveg og Bankastræti sem göngugötur allt árið. Á fundi skipulags og samgönguráðs 3. apríl 2019 var samþykkt að fela umhverfis- og skipulagssviði að vinna áfram að forhönnun og undirbúningi deiliskipulagsbreytingu á grundvelli áfangaskiptingar.

4-5. Hver er áætlaður framkvæmdatími við að breyta götunum í varanlegar göngugötur, hvenær er áætlað að byrja framkvæmdirnar og hvenær eru verklok áætluð?

Svar: Samkvæmt drögum að fjárfestingaráætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir 100 mkr í undirbúning, verkhönnun og kostnaði við útboð á 1. áfanga verksins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við 1 áfanga hefjist á árinu 2021 og framkvæmdir við 2 áfanga á árinu 2022 og ljúki sama ár. Ekki liggja fyrir áætlanir um aðra áfanga verksins.

Dagur B. Eggertsson